

Þróunarsjóði innflytjendamála Development fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði. Jafnir möguleikar innflytjenda til atvinnu hjá hinu opinbera.

Nafn styrkþega: Réttur Aðalsteinsson & Partners

Útdráttur:

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að margskonar hindranir standi í vegi menntaðra innflytjenda til að starfa hjá hinu opinbera. Þar á meðal er ófullnægjandi íslenskukunnátta, sem vegur þungt, en samt sem áður má rekja margar hindranir til óhagstæðra laga og stefnu stjórnvalda, sem og framkvæmdar. Þessi niðurstaða rímar við MIPEx skýrsluna um Ísland frá árinu 2015 þar sem komist var að því að stefnumótun Íslands vegna aðlögunar innflytjenda skapi í raun fleiri hindranir en lausnir fyrir þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Þrátt fyrir að ýmis jákvæð lög og jákvæðar stefnur hafi tekið gildi nýlega er þörf á að endurmóta stefnu íslenska ríkisins vegna aðlögunar innflytjenda. Þetta er sérstaklega skýrt í tilfelli stefnu ríkisins um aðlögun á vinnumarkaði, sem gefur til kynna að aðgengi að vinnumarkaði sé lagt að jöfnu við aðlögun á vinnumarkaði. Til viðbótar miða vinnumarkaðsaðgerðir sjaldan að því að auka atvinnuþátttöku innflytjenda hjá hinu opinbera og þá má sjá að sveitarfélög hafa gripið til frekari aðgerða en ríkið og stofnanir þess.

Í skýrslunni kemur fram að margir þeirra innflytjenda sem tóku þátt í könnuninni hafa lokið háskólamenntun, 88,3%, sem er í samræmi við alþjóðlegar skýrslur um aðstæður á vinnumarkaði hérlendis. Niðurstöður benda jafnframt til þess að flókið sé fyrir innflytjendum að fá menntun sína metna, bæði vegna lagalegra og skipulagslegra hindrana, þar sem gegnsæi skortir og einnig þar sem fleiri en 10 lögaðilar sjá um mat menntunar og reynslu hérlendis.

Niðurstöður sýna einnig að að miklu leyti feli stefna íslenska ríkisins um aðlögun innflytjenda að atvinnumarkaði í sér að litið sé á aðlögunina sem velferðarmál frekar en jafnréttismál. Þetta er ólíkt nálgun sumra Norðurlandanna sem hafa komið ýmsum aðgerðum í framkvæmd í samræmi við mismununar- og jafnréttislöggjöf, með það að markmiði að tryggja jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði.

Skýrslan hefur verið birt á vefsíðu Réttar: http://rettur.is/skyrsla-um-jafnretti-innflytjenda-a-atvinnumarkadi/?fbclid=IwAR3zQBc9u8Qwhlmx_3vAD0lbZh2Gec8a2dDnrpjcG72R1IAB8XxM7CCgTw

Project Title: Immigrants in Iceland: Equal Access to Employment Opportunities within the Public Sector

Name of Grantee: Réttur Aðalsteinsson & Partners

Abstract:

The main finding of this report is that multiple hinderances prevent many immigrants with higher education from gaining employment within the public sector. Among the multiple barriers are inadequate Icelandic language skills, which play a significant role. Notwithstanding, the report finds that many of the hinderances can be attributed to unfavorable laws, policies as well as practices. This finding is compatible with the 2015 MIPEx report on Iceland, which found that Iceland's integration policies create more obstacles than solutions for immigrants' participation in the society.

Although a number of positive laws and policies have been adopted recently, a meaningful reform on immigrant integration remains necessary. This holds especially true with respect to Iceland's labor market integration policies, which indicate that labor market access is equated to labor market integration. Furthermore, labor market measures are seldomly aimed at increasing immigrant employment within the public sector, and that more effort is being made at the municipality level than at the government level.

The report finds that a large number of immigrants who participated in the survey have completed university studies, 88,3%, which is compatible with international reports on labor market conditions in Iceland. The findings furthermore suggest that recognition of immigrants' education is complicated both due to legal and policy hurdles, which are oftentimes not sufficiently transparent, and also because over 10 different bodies are in charge of assessing different types of credentials. The report furthermore indicates that to a large extent, Iceland's policy on immigrant integration into the labor market is treated as a social issue rather than an equality issue. This indicates a different approach from some of the Nordic countries, which have implemented a number of measures in accordance with anti-discrimination and equality legislation with the aim of ensuring equality for immigrants in the labor market.